

Innra mat Þjórsárskóla 2020-2021

Unnið af Bolette og Kristínu


Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og vinna eftir henni. Tilgangur innra mats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið.



Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er lögð áhersla á að fjölbreytni í námi og kennsluháttum sé undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda. Þetta skólaárið var áherslan á heilsueflandi grunnskóla og fá hugmyndir frá foreldrum og nemendum um hvernig gengur og hvað væri hægt að gera betur.

2020-2021	Heilsueflandi grunnskóli Skólapúlsinn hjá 6.-7. bekk	Að meta og bæta heilsueflingu. Hvað getum við gert betur?	Kanna hjá foreldrum og nemendum þeirra sýn á verkefnið og hvernig við getum bætt okkur.
-----------	---	---	---




Framkvæmd Unnið á vorönn 2021

Við sendum spurningalista á foreldra til að kalla eftir þeirra álit og hvað það væri sem þeir myndu helst vilja að lögð væri áhersla á. Í skólanum eru nemendur frá 31 heimili. Við fengum svör frá flestum þeirra. Hér má sjá spurningarnar og svörin.





Heilsuefning er ekki bara tengd hreyfingu heldur eru allir þeir þættir sem nefndir eru hér að ofan undir. Er eitthvað af þeim sem ykkur finnst mættir leggja meiri áherslu á en gert er nú þegar?



Hér má sjá dæmi um tillögur að úrbótum frá foreldrum:

Mætti ræða meira við nemendur um geðheilbrigði og matarræði.

Meiri áhersla á hreyfingu; íþróttir, sund, útinám og skógarferðir. Hollari hádegismat.

Meiri áherslu á geðheilbrigði, sjálfstæði nemenda, líðan og jákvæðni.

Einnig voru teknar umræður í nemendahópum um heilsuefningu og fengnar voru hugmyndir frá þeim um hvað við getum gert fleira til að efla þennan þátt í skólstarfinu.

Hugmyndir frá nemendum:

- Svefn: Fara snemma að sofa. Fá hengirúm í skólann.
- Hreinlæti: Bursta tennur oftar. Fara í oftar sturtu.
- Matarræði: Fá vítamín eða lýsi með morgunmatnum. Borða meiri ávexti. Hafa nammidag bara um helgar. Mega velja mat einu sinni í mánuði.
- Andleg heilsa: Vera góð við aðra og hjálpast að. Standa með sér. ART. Hrósa meira. Cosýhorn í stofum. Fleiri kynfræðslutíma. Leyfa tyggjó. Byrja alla morgna vel, með teygjum, yoga eða öðru.
- Hreyfing og útivist: Fleiri göngutúra, fleiri útitíma, fleiri skógarferðir, búa til meira svæði til útiræktunar, meira yoga, slökun, fleiri leiktæki t.d. ærslabelg. Halda áfram með vinaleikinn einu sinni í viku. Yfirfara borðtennisborð og spaða oftar og fá meiri tíma í borðtennis. Stöðvavinna úti í góðu veðri. Danstíma inni og úti. Útinám tvisvar í viku. Leikjanámskeið. Jógakennsla.

Umbótaáætlun – Framkvæmdir á næsta skólaári.

- Senda fróðleikskorn á foreldra um matarræði, mikilvægi svefns og hreinlætis.
- Fá fræðsluerindi fyrir nemendur og starfsfólk um geðheilbrigði.
- Senda óskalista í haust á kokkinn og biðja hann um að leyfa nemendum að hafa áhrif á valið.
- Fá fræðslu/námskeið fyrir starfsfólk um jóga, þannig að það geti nýtt sér meiri slökun og jóga í kennslustundum.
- Fara yfir reglur með umsjónarhópum, um umgengni og reglur með borðtennisborðið.
- Hvetja kennara til þess að færa kennslustundir út ef vel viðrar.

Niðurstöður: Gaman hvað mörg heimili svöruðu könnuninni. Áberandi var hvað foreldrum fannst mætti vera meiri áhersla á geðheilbrigði og verður það sett í framkvæmd strax í haust. Einnig sést á könnuninni að foreldrar telja að frekar lítið sé um hreyfingu, þrátt fyrir að það séu að meðaltali 4-5 kennslustundir á viku í skólanum sem er meira en í mörgum skólum. Þarna gætum við kannski verið duglegri að miðla upplýsingum til foreldra.

Page Break

Skólapúlsinn - Niðurstöður vorið 2021

Helstu niðurstöður: Niðurstöðurnar voru mjög áhugaverðar fyrir skólann og gefa okkur vísbendingu um hvað er hægt að gera betur.

Það sem kom vel út var ánægja nemenda í námsgreinunum: lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Einnig trú á eigin getu, sem er frábært.

Það sem nemendum fannst sérstaklega gott við skólann:

- Allir eru góðir hver við annan
- Borðtennisborðið
- Flestir kennarar eru skemmtilegir. Góðir kennarar.
- Það er mikið að gera í frímínútum
- Góð samvinna
- Allir vinir. Ekkert einelti. Skemmtilegir krakkar.
- Námið er skemmtilegt. Skemmtilegir tímar.
- Við gerum margt skemmtilegt eða öðruvísi en í öðrum skólum
- Góður matur og morgunmatur.

Það sem við þurfum að skoða betur út frá þessum niðurstöðum er agi í tímum og einnig mætti hlúa betur að geðheilsu nemenda.

Það sem nemendum þykir slæmt eða mætti betur fara:

- Of mikil læti í tímum. Ekki vinnufriður. Of mikill fíflagangur í sumum nemendum. Kennarar mættu vera strangari.
- Langir mánudagar. Skóladagar of langir.
- Kennarar ekki alltaf sanngjarnir.
- Ekki góður matur.
- Of stuttar frímínútur.

Helstu niðurstöður:

Greinilegt er að vinna þarf betur í agastjórnnum með kennurum og sjá þarf til þess að þeir fái góða leiðsögn þegar bekkir reynast þeim þungir. Í vetur höfum við verið að vinna með agamál og fengið aðstoð frá skólaskrifstofunni. Þessi vinna heldur áfram næsta haust.